



Faghópur IV

Fundargerð 10. fundar, Orkustofnun 25. sept. 2009, kl. 14:00

Mættir: Agnar Olsen, Guðmundur Þóroddsson, Guðni A. Jóhannesson, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: .

1. **Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt leiðrétt.
2. **Mat á orkugetu virkjunarkosta.** Magnús Sigurðsson, ráðgjafi, var gestur fundarins og kynnti tillögu að “Mati á orkugetu virkjanakosta í 2. áfanga rammaáætlunar” (Sjá glærusýningu hans á vinnusvæði faghóps 4 á heimasíðu.). Magnús kynnti stuttlega aðferðafræði við að meta (og endurmeta) orkugetu virkjunarkosta í vatnsaflí og taldi ástæðu til að kanna betur um helming þeirra vatnsaflskosta sem liggja fyrir, fyrst og fremst kosta sem hljóta C- eða D – einkunn í mati á gæðum gagna. Hann áætlaði að um 80 klst. Færu í slíka matsvinnu og kostnaður yrði um 800.000 kr.
3. **Forgangsröð virkjunarkosta.** Fram hafði komið ósk frá formanni verkefnisstjórnar um að faghópur 4 raðaði virkjunarkostum í grófa forgangsröð sem yrði innlegg í mat á því hvort mats-kostum verði fækkað. Gróf-flokkun hópsins var eftirfarandi:

1. Kostir sem komnir eru það langt á veg að ekki verður aftur snúið hvað mat rammaáætlunar áhrærir (best að miða við að mati á umhverfsiáhrifum sé lokið eða það komið langt á veg).

Vatnsafl: Norðlingaölduveita, Búðarhálsvirkjun, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun,

Háhit: Gráuhnúkar, Hverahlíð, Helligheiði, Bitra, Bjarnarflag, Krafla-stækkun

2. Kostir sem eru í forgangi gagnvart mati (framkvæmdir hefjist innan 5 ára).

Vatnsafl: Glámuvirkjun, Hvalá, Blönduveita, Skatastaðavirkjun C, Hrafnabjargavirkjun A, Hverfisfljót (skortur á gögnum sendir líklega í biðflokk), Skaftárveita með og án miðlunar í Langasjó, Skaftárvirkjun, Hólmsárvirkjun neðri við Atley, Tungnaárlón, Bjallavirkjun, Bláfellsvirkjun, Hagavatnsvirkjun

Háhiti: Reykjanes, Stóra Sandvík, Eldvörp, Sandfell, Trölladyngja, Sveifluháls, Austurengjar, Brenniseinsfjöll, Meitillinn, Innstidalur, Þverárdalur, Ölfusdalur, Grændalur, Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar, Þverfell, Blautakvisl, Vestur-Reykjadalir, Austur-Reykjadalir, Ljósártungur, Jökultungur, Kaldakof, Hágönguvirkjun, Krafla II, Gjástykki, Þeistareykir.

3. Kostir sem mikill áhugi er að skoða nánar og aðilar eru tilbúnir að leggja umtalsverða fjármuni í undirbúningsstarf (framkvæmdir hefjist innan 10 ára).

Vatnsafl: Skúfnavatnavirkjun, Hólmsárvirkjun með og án miðlunarlóns, Skrokkölduvirkjun, Búðartunguvirkjun, Selfossvirkjun

Háhiti: Femrinámar

4. Kostir sem lítil áhugi er að skoða að sinni (gætu komið til skoðunar eftir 10 ár).

Vatnsafl: Skatastaðavirkjun B, Villinganesvirkjun, Fljótshnúksvirkjun, Eyjadalsárvirkjun, Helmingsvirkjun, Djúpa, Markarfljósvirkjun A og B, Gígjarfossvirkjun, Haukholtsvirkjun, Vörðufell

Háhiti:

5. Kostir sem ólíklegt er að komist á rekspöl á náinni framtíð.

Vatnsafl: Hvítá í Borgarfirði, Arnardalsvirkjun, Hestvatnsvirkjun

Háhiti: Geysir, Hveravellir, Landmannalaugar, Vonarskarð, Kverkfjöll, Askja, Hróthálsar.

4. **Athugasemd vegna gæða gagna um Hengilssvæði.** Fundurinn samykkti að álit á gæðum gagna um háhitasvæðin í Þverárdal og Innstadal væri vanmat og ættu kostirnir að fá einkunn B í stað C.
5. **Næsti fundur** verður haldinn þann 9. október kl. 14:00. Þá verða tekin fyrir málefni línulagna- og stæða, afstaða til tilboðs Magnúsar og leitað álits Ísor á aflgetu jarðvarmakosta.